



REGLUGERÐ UM SKIPTINGU LOTTÓTEKNA HSH

1. Forsendur skiptinga á milli félaga:

Til að hljóta úthlutun samkvæmt reglugerð þessari þurfa félög að skila lögboðnum skýrslum til ÍSÍ og UMFÍ. Síðasti skiladagur þeirra skýrslna er 15.apríl ár hvert.

2. Skipting lottótekna

- a. 42% til HSH
- b. 58 % til aðildarfélaganna

3. Skipting lottótekna skv. lið 2b

- a. 5% jafnt milli félaga.
- b. 15% skiptast milli starfandi félaga, eftir fjölda félagsmanna.
 - i. Starfandi telst félag sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

1. Heldur aðalfund samkvæmt félagslögum
2. Skilar fullnægjandi skýrslum
3. Sendir fulltrúa á þing HSH og sambandsráðsfundi
4. Stendur fyrir virku félags- og íþróttastarfi

- c. 5% skiptist milli þeirra félaga sem senda fulltrúa á héraðsþing HSH.

- i. Þessi greiðsla sé í réttu hlutfalli við fjölda mættra fulltrúa hvers félags.
- ii. 65% skiptist hlutfallslega milli félaga eftir reiknuðum íbúafjölda á félagssvæði hvers félags. Reiknuð íbúatala skal ekki vera hærri en þreföld félagstala hvers félags og ekki hærri en skráður íbúafjöldi skv. manntali 1.desember næstliðins árs. Félög sem starfa á öllu félagssvæði HSH skulu fá reiknaðan íbúafjölda sem er íbúafjöldi svæðisins deilt með fjölda sveitarfélaga.
- iii. 10% renni til Landsmótssjóðs HSH.

Reglugerð þessari var breytt 11.apríl 2024 og öðlast þegar gildi.